

Fundargerð 17. fundar stjórnar SSA haldinn 19. janúar 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 14:30.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir framkvæmdastjóri og Jón Knútur Ásmundsson (fundarritari).

1. Fundargerð SSA [nr. 16](#) (til kynningar)

2. Áhersluverkefni sóknaráætlunar 2024

- Kynning framkvæmdastjóra á áhersluverkefnum á grunni samnings um sóknaráætlun.

3. Ályktun vegna fyrirhugaðrar gjaldtöku á bílastæði við flugstöðina á Egilsstöðum

Eftirfarandi ályktun lögð fyrir stjórn og samþykkt samhljóða:

„SSA lýsir yfir óánægju með þau áform Isavia að innleiða gjaldtöku á bílastæðum við flugstöðvarnar á Egilsstöðum og Akureyri. Þótt gjaldtökunni hafi verið frestað fer SSA fram á að hætt verði alfarið við áformin. Bent hefur verið á að draga megi lögmæti aðgerðarinnar í efa þar sem hún mismunar fólki eftir búsetu og um er að ræða auknar álögur á íbúa landsbyggðarinnar sem ekki komast hjá því að nýta kostnaðarsamt innanlandsflug til að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. SSA tekur undir þær bókanir sem þegar hafa verið gerðar hjá sveitarfélögum á Austurlandi vegna málsins og felur framkvæmdastjóra að koma skilaboðunum á framfæri við forsvarsfólk Isavia.“

4. Samþætting og svæðasamstarf í málefnum barna

- Kynning framkvæmdastjóra á spretthópi ráðuneyta og svæðasamstarf.

5. Landþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. mars

- Tillaga kynnt að sameiginlegum fundi bæjar- og sveitarstjórnarfulltrúa á Austurlandi fyrir þingið.

6. Svæðisskipulagsnefnd

- [Umsagnarbeiðnir](#)
- [Uppfærsla á svæðisskipulagsvef](#)

Mál til kynningar og eftir atvikum til umræðu:

7. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- [Níu mál í samráðsgátt.](#)

8. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr. 570 og [571](#)
- SSS, fundur nr. [796](#) og [797](#)
- SSV, fundur nr. [178](#)
- Vestfjarðarstofa, fundur nr. [57](#)
- SSNV, fundur nr. [101](#) og [102](#)
- SSNE, fundur nr. [59](#)
- SASS, fundur nr. [604](#)
- Sambandið fundur nr. [940](#)

9. Önnur mál

- Umræður um efni næsta fundar.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl. 15:10.

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Axel Örn Sveinbjörnsson